

Heimspekilegar samræður

Þótti heimamönnum þetta illt og vildu fáir til verða að vera heima.

Hvað þótti þeim illt?
Hverjir voru heimamenn?
Afhverju vildu þeir ekki vera heima?
Hvað er heimili?
Hvernig líður ykkur heima hjá ykkur?
Hvernig myndi ykkur líða að vera ein heima?

Um nóttina er komið á gluggann og sagt:

***„Fögur þykir mér hönd þín,
snör mín, en snarpa, og dillidó“.***

Hver er kominn á gluggann?
Af hverju er hann að kveða?
Hvernig svarar stúlkan fyrir sig?
Hvað er að kveða?
Getum við kveðið eins og stúlkan og nátttrölilið?
Hvað á stúlkan við þegar hún segist ekki hafa séð neitt illt?
Hvað höfum við séð sem er illt?
Af hverju var það illt?

Hvarf þá vætturinn af glugganum. En um morguninn, þegar fólkið kom heim, var kominn steinn mikill í bæjarsundið og stóð hann þar æ síðan.

Af hverju hvarf vætturinn eða nátttrölilið?
Hvert fer maður þegar maður hverfur?
Hvað vildi nátttrölilið gera við stúlkuna?
Af hverju fékk steinninn að standa í bæjarsundinu?